



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**106. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 31. mars 2022
og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Bergljót Kristinsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Helga Hauksdóttir, Karen María Jónsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Maríanna Hugrún Helgadóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Sigurjón Ingvarsson, Sveinn Óskar Sigurðsson og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Dagskrá:

1. Þróunaráætlun 2020 - 2024 - 1812002

Á 104. fundi svæðisskipulagsnefndar 25.02.2022 var fjallað um ofangreint og eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: Svæðisskipulagsnefnd felur SSH að hefja vinnu við stöðutöku á þróunaráætlun og uppfærslu skapalóns. Nefndin telur mikilvægt að vinnu verði lokið eins fljótt og auðið er.

Á fundinum var lagt fram minnisblað dags. 29. mars 2022 sem dregur fram stöðutöku á gildandi þróunaráætlun ásamt uppfærðu skapalóni.

Gestir

Samúel Torfi Pétursson, VSÓ, skipulagsverkfræðingur - 08:15

Í framlögðu minnisblaði, sem var unnið fyrir svæðisskipulagsnefnd, er tekin stöðutaka á gildandi þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 24, þar sem meðal annars er tekið saman byggingarmagn sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa samþykkt í skipulagi og eru með í vinnslu.

Þar kemur fram að samþykktar íbúðir (lóðir) í skipulagi sveitarfélaganna eru fleiri en 14.000, sem er mikil aukning frá síðustu talningu árið 2020. Alls eru í skipulagi áætlaðar yfir 58 þúsund íbúðir á höfuðborgarsvæðinu innan núverandi vaxtamarka sem gæti þýtt heimili fyrir um 148.000 nýja íbúa. Einnig kemur fram að fólksfjölgun hefur verið vel yfir meðallagi og að hlutfall svæðisins af landinu hafi aukist undanfarin 20 ár úr 61% í 64% sem gefur til kynna að fólk sæki enn í miklu mæli að búa og starfa á höfuðborgarsvæðinu.

Uppfært mat á uppbyggingu nýrra íbúða bendir til þess að byggðar verði um 2.300-3.200 íbúðir á ári næstu ár og yfir 10.400 íbúðir tímabilið 2020-24. Verði fólksfjölgunin sambærileg og verið hefur síðustu ár eru góðar líkur á að nýjum íbúðum fjölgi hlutfallslega hraðar en íbúum sem ætti það að draga úr spennu á húsnæðismarkaði. Verði hins vegar fólksfjölgun enn meiri dregur hægar úr spennu en ella.

Hækkandi húsnæðisverð og sögulega lítið framboð íbúða í sölu vekur upp



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

spurningar hvers vegna ekki eru fleiri íbúðir í byggingu miðað við þann fjölda sem er í samþykktu deiliskipulagi sveitarfélaganna og er mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni sameiginlega að lausn þeirra mála, með það fyrir augum að þróun byggðar sé sjálfbær til framtíðar. Svæðisskipulagsnefnd telur mikilvægt að sambærileg stöðutaka sé tekin að minnsta kosti árlega til að vakta stöðu mála.

Vísað til aðildarsveitarfélaga til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00.